

leitari og göfugri en kenningar Múhamedstrúarinnar, sem hún hefir átt í höggi við; og sjálsagt á útbreiðsla þeirra nokkurn þátt í upplýstingu þeirra þjóða, sem þær breiðast út á meðal.

Nótt úti í hafi.

Það er nótt úti' í hafi. Það er dimt yfir djúpinu og kalt, því dagurinn hvarf inn í rökkrið og breyttist í nótt, og hafgýjan þegir og hnípið og svefnlegt er alt, það heyrist ei neitt nema öldufall sveljandi sljótt. En tígulegt fley siglir þjótandi öldunum á og utan úr myrkrinu beinir það stefni í höfn, og nauðandi sægolán syngur í stögum og rá og samhljóma leikur við grunntóna í byltandi dröfn.

Það er nótt úti' í hafi. Ó, blunda þú barnið mitt rótt, dreyrn um hjartari heima en augu þín kring um þig sjá. Hvorki óhægð né kuldi skal ónáða svefn þinn í nótt og ekkert að hræðast þeim veltandi stórsjóum frá. Og hvíldu þig skipverji, er treystir á megn þinn og mátt á meðan þig öldurnar bera að ókunnri strönd. Ó, sofna þú skartsíney og augu þín aftur legg brátt, er aftur þú vaknar þú mäske sérð fram undan lönd.

Það er nótt úti' í hafi og alt er sem boði á ilt, því að kemur dauðinn og þrífur sér stjórnvöl í mund. Úr dulrænum heimkynnum hefir hann fleytuna grilt og hyggur sér vænlegt til bráðar á þessari stund. Þey! Öldurnar lægja sinn ofsa. Það ríður að högg, og alt nemur staðar, en hjörtun í brjóstunum slá; og áður en varir er umbreyting váleg og snögg, og eimknörinn sogast í hyldjúpin gínandi blá.